Skagafirði, 5. desember 2016

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
Gunnar Bragi Sveinsson
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Drangey, smábátafélag Skagafjarðar, mótmælir harðlega niðurstöðu úthlutunar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis á byggðakvóta til Skagafjarðar.

Samkvæmt henni verður engum byggðakvóta úthlutað til Sauðárkróks fiskveiðiárið 2016-2017 og aðeins 19 þorskígildistonnum til Hofsóss.

Niðurstaða þessi er reiðarslag fyrir þá smábátasjómenn sem gert hafa út frá Sauðárkróki og notið hags af byggðakvóta til að gera veiðar að heilsársstarfi og tryggja þannig afkomu sína og sinna fjölskyldna. Takmarkaður veiðitími strandveiða og grásleppu tryggja aðeins afkomu sjómanna hluta ársins og því hefur byggðakvóti verið gríðarlega mikilvæg búbót fyrir sjómenn og skagfirskt samfélag. Byggðakvóti liðinna ára hefur skapað forsendur fyrir heilsársatvinnu 15-20 smábátasjómanna og munar um minna. Brotthvarf hátt í 20 manna vinnustaðar frá Sauðárkróki myndi að öllu jöfnu teljast fréttnæmur viðburður. Drangey tekur undir með bókun atvinnu-, menningar- og kynningarnefndar Sveitarfélagsins Skagafjarðar frá 10. nóvember sl. um að ekki sé hægt að sjá hvernig aukin veiði á rækju hefur með veiðar smábáta frá Sauðárkróki að gera eða afkomu fjölskyldna smábátasjómanna sem þaðan gera út.

Þá er úthlutun á aðeins 19 þorskígildistonna byggðakvóta til Hofsóss með öllu óásættanleg fyrir byggðarlag sem hefur búið við 54% fækkun íbúa frá árinu 1998 og býr við einhæft atvinnulíf. Félaginu er kunnugt um að sambærileg byggðarlög hafa fengið stuðning í formi úthlutunar mun meiri byggðakvóta eða með stuðningi í gegnum verkefnið Brothættar byggðir á vegum Byggðastofnunar. Hofsós hefur hvorugs fengið að njóta og er sérstaklega dapurlegt að þingmenn og ráðherrar svæðisins, ekki síst sá sem fer með málefni sjávarútvegs og byggða, hugi ekki að byggðarlögum sem standa höllum fæti í eigin kjördæmi.

Drangey, smábátafélag Skagafjarðar, skorar á þig sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að endurskoða úthlutun ráðuneytisins og þær reglur sem hún byggir á. Úthlutun sem bitnar svo harkalega á veikum byggðarlögum og afkomu tuga smábátasjómanna hlýtur að byggja á röngum forsendum og vera meingölluð.

F.h. Drangeyjar, smábátafélags Skagafjarðar,

Steinar Skarphéðinsson,
formaður